

## **Sþ.** 582. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Ólafsvíkurrepp.

Flm.: Gunnar Thoroddsen.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs 130 þúsund króna lán Ólafsvíkurrepps til rafveitukerfis í Ólafsvík.

### **Greinargerð.**

Um alllangt skeið hefur verið fyrirhuguð virkjun Fossár á Snæfellsnesi, til þess að afla raforku fyrir Hellissand, Ólafsvík og Fróðárhrepp. Ýtarleg rannsókn hefur farið fram á virkjunaraðstöðu og kostnaðaráætlun gerð, sem sýnir, að hér er um óvenjulega hagstæða virkjun að ræða. En ekki hefur samt enn verið unnt að ráðast í þessa rafvirkjun, vegna þess að efni til hennar hefur verið ófánlegt þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Á síðast liðnu vori ákvað Ólafsvíkurreppur að leggja innanbæjarkerfi um kaupúnið og koma sér upp ljósastöð („mótor“) til bráðabirgða, unz Fossárvirkjunin kæmist í framkvæmd. Í sumar og haust var unnið að lagningu þessa kerfis, sem er lagt með það fyrir augum, að það geti gengið inn í hina fyrirhuguðu rafveitu á sínum tíma. Til þess að standast kostnaðinn tók hreppurinn 130 þús. króna lán, sem lánsstofnun hér veitti í trausti til væntanlegrar ríkisábyrgðar, eftir að komið hafði í ljós við athugun, að öruggur þingvilji væri fyrir því að veita á þessu þingi ríkisábyrgð fyrir fjárhæðinni. Lán þetta er víxillán, sem fellur í gjalddaga 22. des. næstkomandi, og þarf fyrir þann tíma að fá þingsályktun um ríkisábyrgðina, til þess að hægt verði að ganga formlega frá láninu.

Það skal tekið fram, að í ríkisábyrgð þessari er ekki innifalið verð ljósavélarinnar, sem fé er fengið til á annan hátt, heldur aðeins kostnaður við rafveitukerfið, sem á að koma að fullu gagni, þegar vatnsvirkjun kemst í framkvæmd.